

Frankvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga haldinn þriðjudaginn 18. desember 2019 í bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Hellissandi, kl. 12:15

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ, formaður, Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ, Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ, Eggert Kjartansson, Eyja- og Miklaholtshreppi, Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit, og Þór Örn Jónsson fundarritari.

Formaður setti fund. Gengið var til dagskrár:

1. EarthCheck vottunarverkefnið.

Fyrir lá tölvupóstur forstöðumanns Náttúrustofu Vesturlands, frá 28. nóvember 2019, með tillögu NSV að nánari útfærslu á því hvernig verkefni umhverfisvottunar verði leyst í fæðingarorlofi verkefnisstjóra Earth Check, sbr. ósk framkvæmdastjórnar á fundi þann 13. ágúst sl.

Framkvæmdastjórn er sammála þeim áherslum sem fram koma í tillögu NSV um að geyma verkefni eins og aðgerðaáætlun við hvalreka, fræðsluefni um ágengar tegundir og fræðslu um náttúru Snæfellsness. Eftirfarandi er afstaða til upplistaðra verkefna:

- Skylduverkefni af framkvæmdaáætlun; samþykkt skv. tillögu.
- Samfélagsmiðlar; samþykkt skv. tillögu.
- Umhverfisfræðsla í skólum; samþykkt að sé gert og verði klárað fyrir febrúarlok, enda var samþykkt 50% staða í sex mánuði vegna þessa verks.
- Umhverfisfræðsla til starfsfólks sveitarfélaga; tillögu hafnað að þessu sinni.
- Matarsóun – fræðsla og aðgerðir; tillögu er hafnað að þessu sinni.

Ákvörðun um síðastnefndu tvö verkefni byggir m.a. á þeirri afstöðu framkvæmdastjórnar að verkefni sem þessi ættu að vera langtímaverkefni, sem byggð verði á skýrum markmiðum og á að treysta tengsl starfsmanns umhverfisvottunar og þátttakenda/hagsmunaaðila, ekki sem átaksverkefni eða með tímabundinni aðkomu þess sem sinnir því.

- Strandhreinsun 2020; samþykkt að óska eftir því að Svæðisgarðurinn Snæfellsnes sjái um framkvæmdina í þetta skiptið og að lagt verði uppúr að einfalda hana sem kostur er.

Frankvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

Samtals er hafnað verkefnum að upphæð kr. 2.689.697.
Jakob sat hjá undir þessum lið.

2. Fjárhagsáætlun fyrir EarthCheck vottunarverkefnið.

Þór Örn fór yfir fjárhagsáætlun EarthCheck vottunarverkefnisins fyrir árið 2020. Fjárhagsáætlun samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.

Þór Örn fór yfir fjárhagsáætlun fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla fyrir árið 2020. Fjárhagsáætlun samþykkt.

4. Söfnunar- og sýningarstefna Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla fyrir árin 2020-2025 - drög.

Söfnunar- og sýningarstefna Byggðasafns kynnt og rædd. Björg lagði áherslu á að við endurnýjun á sýningu sem stillt verði upp á annari hæð Norska-hússins verði sett upp sýning sem dregur fram menningar- og félagssögu Snæfellsness.

Samþykkt að vísa söfnunar og sýningarstefnunni til aðalfundar Byggðasamlags Snæfellinga.

5. Persónuverndarfulltrúi – verkefni og staða.

Þór Örn fór yfir helstu verkefni persónuverndarfulltrúa Snæfellsness um þessar mundir, sem eru: Vinnsluskrár fyrir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, launafullrúa sveitarfélaganna og vinnsluskrár fyrir hjúkrunarheimilin á Snæfellsnesi. Rætt var um að halda stöðufund með persónuverndarfulltrúanum og forstöðumönnum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

6. Aðalfundur Byggðasamlags Snæfellinga.

Stefnt er á að aðalfundur Byggðasamlags Snæfellinga verði haldinn seinnihluta aprílmánaðar 2020.

7. Önnur mál:

- a. Rætt um svæðisskipulag og mikilvægi þess að umhverfisáhrif komi fram í aðalskipulögum sveitarfélagana á Snæfellsnesinu.
- b. Rætt um að koma þarf á skýrari verkferlum varðandi starfsemi svæðisskipulagsnefndar Snæfellsness, og tryggja að hún hafi aðgang að sérfræðiþekkingu á hennar sviði.
- c. Skrifað var undir tvö bréf til umhverfis- og auðlindaráðuneytið, annars vegar um að fá fjárhagsstuðning við að fara í skoðun á UNESCO MAN and BIOSPHERE. Hins vegar um Þjóðgarðastofnun á Snæfellsnesi.

Frankvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

- d. Rætt var um raforkuöryggi á Snæfellsnesi. Samþykkt að leita eftir upplýsingum hjá RARIK um dreifikerfið á Snæfellsnesi og setja fram helstu áherslur til úrbóta, sem komið verði á framfæri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 14:15
Þór Örn Jónsson fundarritari